Sþ. **100. Fyrirspurnir.** [90. mál]

I. Til samgönguráðherra um athugun á úrbótum í flugsamgöngum við Vestfirði.

Frá Karvel Pálmasyni.

Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis frá 29. maí s. l. um athugun á úrbótum í flugsamgöngum við Vestfirði?

II. Til samgönguráðherra um framkvæmd laga um tilkynningarskyldu íslenskra skipa með því að tryggja metrabylgjusamband fyrir Norðvesturlandi, Vestfjörðum og Breiðafirði.

Frá Matthíasi Bjarnasyni.

1. Hvað hefur ríkisstjórnin gert til þess að gera Landssíma Íslands kleift að sjá um að til séu strandstöðvar til að framfylgja lögunum um tilkynningarskyldu íslenskra skipa?
2. Hvenær verður ráðist í framkvæmdir til þess að tryggja metrabylgjusamband fyrir Norðvesturlandi, frá Almenningum að Horni um Húnaflóa og Skagafjörð?
3. Hvenær verður ráðist í framkvæmdir til þess að tryggja metrabylgjusamband á hafsvæðinu við sunnanverða Vestfirði og á djúpmiðum Breiðafjarðar?